

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.
Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 18. febrúar 1966.

Nr. 78/1964. **Ásgeir Eyjólfsson**
(Kristinn Ó. Guðmundsson hdl.)
 gegn
Erlendi Jónssyni Erlendssyni
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)
 og
Erlendur Jónsson Erlendsson
 gegn
Ásgeiri Eyjólfssyni
 og
Þórarni Gunnari Stefánssyni
(Kristján Eiríksson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. apríl 1964 og krafizt sýknu af kröfum gagnáfrýjanda, Erlends Jónssonar Erlendssonar, og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 28. maí 1964, áfrýjað málinu með stefnu 29. maí 1964 og krafizt þess, að aðaláfrýjanda og stefnda Þórarni Stefáni Gunnarssyni verði in solidum dæmt að greiða honum kr. 250.144.89 með 7% ársvöxtum frá 1. maí 1961 til 31. desember 1964, 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1965 til 31. desember s. á. og 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1966 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi Þórarinn Gunnar Stefánsson hefur krafizt þess,

að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hefur verið aflað nokkurra nýrra gagna, þar á meðal umsagnar Læknaráðs samkvæmt úrskurði Hæstaréttar 4. október 1965.

Málsatvikum er rækilega lýst í héraðsdómi.

I.

Varhugavert þykir að telja sannað, að stefndi Þórarinn Stefán Gunnarsson hafi átt sök á lemstrum þeim, sem gagnáfrýjandi, Erlendur Jónsson Erlendsson, varð fyrir og um er fjallað í máli þessu. Ber því að fallast á ákvæði héraðsdóms um sýknu hans af kröfum gagnáfrýjanda.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður að því er hann varðar.

II.

Fallast má á ákvæði héraðsdóms um, að aðaláfrýjandi beri fulla fébótaábyrgð á tjóni því, er gagnáfrýjandi varð fyrir af lemstrum þeim, er hann hlaut í ryskingum við aðaláfrýjanda hinn 21. apríl 1959.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms var leitað álits Erlings Þorsteinssonar lækni, sérfræðings í háls- nef- og eyrnalækningum, um heilsu gagnáfrýjanda. Í umsögn sinni, sem dagsett er 10. september 1965, segir læknirinn, að hann áliti, að mögulegt hefði verið að framkvæma hér á landi aðgerð þá, er gerð var á gagnáfrýjanda í maímánuði 1959, en þar sem slíkra aðgerða sé mjög sjaldan þörf hér á landi, hafi islenskir læknar litla eða enga æfingu í framkvæmd þeirra. Telur læknirinn því, að rétt hafi verið að senda gagnáfrýjanda „til sérfræðings erlendis, sem vanur var að framkvæma þessar aðgerðir“. Þá telur læknirinn rétt, að sami læknir, sem hafði haft gagnáfrýjanda áður til meðferðar, framkvæmdi einnig læknaaðgerð þá, sem gerð var á gagnáfrýjanda í nóvembermánuði 1960. Þá kveðst læknirinn

ekki geta fullyrt um, af hverju þjáningar þær, sem gagnáfrýjandi kvartaði um í enni hægra megin, hafi stafað, en þær geti að sjálfsögðu stafað af bólgu í ennisholu. Slik bólga „gæti verið bein afleiðing af sjálfum áverknum og eða óbein við að ennisholugöngin lokuðust við áverkann.“

Læknirinn kveðst ekki geta um það fullyrt, hvort eða að hve miklu leyti telja mætti það sennilega eða líklega afleiðingu áverka þeirra, sem gagnáfrýjandi hlaut hinn 21. apríl 1959, að hann var óvinnufær um tveggja ára skeið, þar sem ýmsar orsakir gætu verið til þjáninga þeirra, er gagnáfrýjandi leið eftir áverkana.

Að lokum telur læknirinn, að ekki verði um það fullyrt, hvort sjúkdómur sá, sem gagnáfrýjandi þjáðist af fyrir áverkana, hefði tekið sig upp aftur, ef áverkarnir hefðu ekki komið til.

Með úrskurði Hæstaréttar 4. október 1965 var óskað um-sagnar Læknaráðs um fyrrgreint álit Erlings Þorsteinssonar læknis. Í umsögn Læknaráðs, dags. 29. desember 1965, segir, að aðgerð þá, er framkvæmd var á gagnáfrýjanda í maímánuði 1959, hafi mátt framkvæma hér á landi, en ekki hafi verið óeðlilegt að vísa honum aftur til þess læknis, sem áður hafði haft hann til meðferðar. Sama gildi um aðgerð þá, sem framkvæmd var á gagnáfrýjanda í nóvembermánuði 1960. Ekkert verði fullyrt um orsakasamband milli áverka þeirra, er gagnáfrýjandi hlaut hinn 21. apríl 1959, og ennisholubólgu þeirrar, er hann þjáðist síðar af. Þá telur Læknaráð ekki ólíklegt, að gagnáfrýjandi „hafi verið óvinnufær þann tíma, sem í málinu greinir, en getur ekki tjáð sig um, að hve miklu leyti óvinnuhæfnin hafi verið afleiðing af áverkum og að hve miklu leyti vegna langvinnrar ennisholubólgu.“

Að lokum telur Læknaráð mögulegt, að aðgerð sú, sem framkvæmd var á gagnáfrýjanda í janúarmánuði 1959, hefði reynzt ófullnægjandi og ennisholubólgan tekið sig upp aftur.

Verða nú kröfuliðir gagnáfrýjanda teknir til athugunar í sömu röð og í héraðsdómi.

1. Með skirskotun til þess, sem greinir í héraðsdómi, og þeirra læknisfræðilegu gagna, sem að framan hafa verið rakin, ber að taka þennan lið til greina með .. kr. 75.000.00
- 2-7. Fallast má á, að hér sé um eðlilegan kostnað að ræða, og verða því þessir kröfuliðir, sem studdir eru fullum gögnum, teknir til greina að öllu leyti með .. — 17.482.89
8. Fallast ber á ákvæði héraðsdóms um þennan kröfulið — 40.000.00

Samtals kr. 132.482.89

Frá þessu fé ber að draga kr. 5.000.00, sem gagnáfrýjanda voru greiddar upp í tjón hans hinn 5. ágúst 1960.

Samkvæmt þessu ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda kr. 127.482.89 með 7% ársvöxtum frá 1. maí 1961 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Þá ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 35.600.00.

Dómsorð:

Stefndi, Þórarinn Stefán Gunnarsson, skal vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Erlends Jónssonar Erlendssonar, í máli þessu, en málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Aðaláfrýjandi, Ásgeir Eyjólfsson, greiði gagnáfrýjanda, Erlendi Jónssyni Erlendssyni, kr. 127.482.89 með 7% ársvöxtum frá 1. maí 1961 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966, 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 35.600.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Kópavogs 22. febrúar 1964.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. þ. m., er höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 10. janúar 1962 og birtri 13. s. m. af Erlendi J. Erlendssyni leigubílstjóra, Snekkjuvogi 31, Reykjavík, gegn þeim Ásgeiri Eyjólfssyni pípulagningamanni, Nýbýlavegi 27 A, og Þórarni Stefáni Gunnarssyni gullsmið, Auðbrekku 23, báðum í Kópavogskaupstað, til greiðslu skaðabóta vegna líkamsmeiðinga að fjárhæð kr. 265.039.77 auk 8% ársvaxta frá 1. maí 1961 til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómsins, allt að frádrægnum kr. 5.000.

Við munnlegan flutning málsins hinn 7. þ. m. breytti stefnandi dómkröfum sínum þannig, að hann krefst þess, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða sér kr. 250.144.89 með 7% ársvöxtum frá 1. maí 1961 til greiðsludags auk málskostnaðar að mati dómsins.

Stefndi Ásgeir Eyjólfsson gerir þær dómkröfur *aðallega*, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en *til vara*, að fjárkröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar. Í báðum tilvikum er krafizt málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Stefndi Þórarinn Stefán Gunnarsson gerir þessar dómkröfur: *Aðallega*, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins. *Til vara*, að hin umstefnda fjárhæð verði verulega lækkuð og málskostnaður verði þá látinn falla niður. Fari svo, að báðir hinna stefndu verði taldir bótaskyldir in solidum, er þess krafizt af hendi stefnda Þórarins, að í dómnum verði ákveðið, hvernig eða í hvaða hlutfalli þeir eigi að greiða skaðabæturnar.

Stefnandi kveður málavexti vera sem hér segir:

Mánudagskvöldið 20. apríl 1959 hélt Samvinnufélagið Hreyfill félagsfund. Stefnandi gerði sér dagamun og fékk sér í staupinu. Hann kom nokkru eftir miðnætti ásamt þremur félögum sínum til Ólínar Hólmfríðar Kristjánsdóttur, Rauðarárstíg 3, Reykjavík. Þar voru fyrir stefndu og stúlkan Margarethe Hertha Reihs. Stefnandi settist hjá stefndum Þórarni Stefáni, er fljótlega hóf ýfingar við stefnanda, sem hann þekkti þó ekkert. Bar hann upp á stefnanda, að hann hefði borið ljúgvitni í máli manns nokkurs, sem leiddi til þess, að maðurinn var dæmdur fyrir ölvunarakstur, blásaklaus. Stefnandi kveðst að vonum ekkert hafa við þetta kannast, enda hafi síðar komið í ljós, að stefndi

hafði farið mannavillt. Stefnandi, sem var að vísu við skál, en hinn þrúðasti í hvívetna, hafði ekki gefið neitt tilefni til þess, að stefndi Þórarinn Stefán veittist að honum með illmælum. Stoðaði ekkert, þótt stefnandi reyndi að koma stefnda í skilningum, að hann hefði alls ekki borið vitni í umræddu máli og kannaðist ekkert við það. Kveðst stefnanda hafa leiðzt þetta þras og þreif til hálsbindis stefnda Þórarins Stefáns, aðeins til að svipta því upp, og við þetta mun hönd stefnanda sennilega hafa numið við kjálka stefnda. Leiddi þetta orðaskak og fálms stefnanda til þess, að stefndi Þórarinn Stefán og stefnandi stóðu báðir upp, og urðu með þeim nokkrar sviftingar. Í því kom stefndi Ásgeir til skjalanna til aðstoðar stefnda Þórarni Stefáni. Aðrir reyndu að stilla til friðar, bæði kvenfólkið og félagar stefnanda. Einn félagi stefnanda var svo til strax sleginn í rot. Er hér var komið, kveður stefnandi, að svo hafi virzt sem stefndi Ásgeir hafi tekið að sér hlutverk árásarmannsins, því að hann sinni engum fortölum, heldur trylltist hann, keyrði stefnanda út í horn, náði þar á honum haustaki og lét þar högginn dynja á andliti stefnanda. Stefnandi hné síðan í gólfið. Fannst stefndu ekki nóg að gert, heldur spurkuðu þeir í stefnanda, og hafði stefndi Ásgeir sig öllu meira í frammi. Einn félagi stefnanda hringdi nú á lögregluna, og kom hún á vettvang, en áður höfðu stefndu rokið á dyr. Lögreglan ók stefnanda, sem var meðvitundarlaus, á slysavarðstofuna, þar sem gert var að sárum hans til bráðabirgða.

Í þessum átökum við stefndu hlaut stefnandi allmikil meiðsl á andliti og á hægra hné. Páll Sigurðsson læknir lýsir svo meiðslum stefnanda í vottorði, dags. 7. 5. 1959:

„Hinn 21. 4. 1959, kl. 03, kom ofanefndur maður (þ. e. stefnandi) til Slysavarðstofunnar. Að sögn hafði hann verið sleginn í andlitið og sparkað í það. Við komuna á Slysavarðstofuna var maðurinn mjög ölvaður, en með fullri meðvitund. Ekki var hægt að fá hann til samvinnu við lækni, svo að hægt væri að gera fullkomna skoðun, en eftirfarandi kom í ljós: Mikil bólga á báðum augnalokum og í kringum augu, og augu voru blóðhlaupin. Dálítillítil skrúpa í húðinni milli augnabrúna og fleiður þar í kring. Á Slysavarðstofunni voru skrárnar hreinsaðar og settar umbúðir, en síðan fór maðurinn heim og honum ráðlagt að koma aftur, er hann hefði jafnað sig.

Hann kom að nýju til Slysavarðstofunnar 22. 4. 1959. Hann kvartaði þá einkum um óþægindi í höfði og hægra hné. Hann

skýrði nú frá því, að hann hefði í mörg ár haft slæman höfuðverk og væri nýkominn frá Skotlandi, þar sem gerð var aðgerð af þessum sökum. Var góður eftir heimkomuna, en telur, að við áfallið nú hafi sótt í sama horf með höfuðverkinn.

Skoðun 22. 4. 1959. Getur ekki gengið vegna óþæginda í hægri hné. Mikil bólga og blámi í andliti, mest á augnlokum og kringum bæði augu. Skráma á nefrót og mikil eymsli á nefi og greinilega finnanlegt brot. Einnig veruleg eymsli yfir hægri efrikjálka.

Hné. — Mikill vökví í hnénu og eymsli yfir öllum liðnum, mest innanfótar.

Gerð var rtg.skoðun á nefbeini, andlitsbeinum og hægri hné og sást brot á nefbeini og grunur um sprungu inn í hægri kjálkaholu. Hins vegar var ekki hægt að greina brot á hægri hnélið.

Á Slysavardstofunni var stungið á hægri hné og tæmt út 70 cc af blóði. Síðan voru lagðar umbúðir um hnéð.

Nefbrotið var lítillaga gengið úr skorðum, en þar eð maðurinn hafði áður brotnað á nefi og það gróið skakkt, að sjálfs hans sögn, var erfitt að dæma um stöðu brotsins . . .“

Í ágúst 1950 fór fram réttarrannsókn í sakadómi Reykjavíkur út af atburði þeim, sem mál þetta er risið af, að undan­genginni rannsókn rannsóknarlögreglunnar. Verða nú rakin aðal­atriði framburða vitna.

Vitnið Gunnar Helgason rafvirkjameistari skýrir svo frá, að hann hafi verið með stefnanda á fundi í Framsóknarhúsinu. Var stefnandi nokkuð mikið undir áfengisáhrifum, og var hann orðinn öllu drukknari, er þeir fóru af fundinum. Er þeir fóru inn á Rauðarárstíg 3, var stefnandi orðinn fullkomlega rólegur, og bar þá ekki mikið á ölvun hans. Hafi síðan ekkert borið til tíðinda, fyrr en stefndi Þórarinn fór að bera stefnanda það á brýn, að hann hefði borið ljúgvitni í máli einu, sem leitt hefði til þess, að kunningi stefnda Þórarins var sakfelldur. Virtist stefnandi ekkert við þetta kannast og neitaði þessum áburði og æstist nokkuð við það. Varð úr þessu allmikið orðaskak, sem endaði með því, að stefnandi þreif til Þórarins og svipti hálsbindi hans upp og sagðist jafna um hann, ef hann hætti ekki þessu röfli. Skipti þá engum togum, að þeir voru báðir staðnir upp, og sló Þórarinn stefnanda í andlitið, og féll hann aftur yfir sig í gólfið. Var þá stefndi Ásgeir þegar kominn við hlið Þórarins. Er stefnandi var að standa upp aftur albuinn þess að ráðast á Þórarin, kveðst vitnið hafa gengið á milli og reynt að sefa stefnanda og aftra honum frá því að lenda í átökum við stefndu. Þá kveðst vitnið

hafa fengið högg í mjöðmina og síðan tvö í höfuðið og rotast. Voru stefndu farnir burtu, er vitnið rankaði við sér.

Vitnið Anton Guðjónsson bifreiðarstjóri var á fundinum í Framsóknarhúsinu og fór síðan með stefnanda að Rauðarárstíg 3. Vitnið skýrir frá aðdraganda átakanna og upphafi mjög á sömu lund og vitnið Gunnar Helgason. Vitnið kveður, að í upphafi hafi orðið nokkrar sviptingar með stefnanda og stefnda Þórarni, og kom stefndi Ásgeir þegar til aðstoðar Þórarni. Einnig komu að þau Gunnar Helgason og Margarethe Reihs, og stóðu þau öll á miðju gólfi, þannig að vitnið sá ekki vel, með hverjum hætti það varð, að stefnandi féll í gólfið. Vitnið kveðst hafa ætlað að reyna að ganga á milli, en rýmið var svo lítið, að vitnið komst ekki að. Vitnið kveðst hafa séð, að Gunnar reyndi að ganga á milli og sefa mennina. Vissi vitnið ekki fyrr til en Gunnar var sleginn í rot, en sá eigi, hver gerði það. Hringdi vitnið nú í lögregluna. Var stefnandi þá hniginn í gólfið, og trömpuðu stefndu þar á honum báðir.

Vitnið Ingimar Jónsson forstjóri kveðst hafa verið mjög drukkinn, er umræddir atburðir áttu sér stað. Vitnið kveðst hafa heyrt, að stefnandi var farinn að hnakkristast við annan karlmanninn, sem fyrir var á Rauðarárstíg 3, en vitnið kom þangað ásamt stefnanda og tveimur öðrum félögum. Vitnið kveðst síðan ekki hafa fylgzt neitt með skiptum þeirra, fyrr en hinn maðurinn, sem fyrir var og ekki hafði verið að rífast við stefnanda, stóð upp af stól sínum og rauk á stefnanda og sló hann. Urðu síðan nokkur slagsmál með þeim, og féll stefnandi í gólfið, en maðurinn hélt áfram að berja hann, er hann reyndi að skriða á fætur, og sló hann stefnanda í höfuðið með hnefunum hvað eftir annað. Linnti maðurinn ekki látum, fyrr en stefnandi lá hreyfingarlaus. Staðhæfir vitnið, að maðurinn hafi margsinnis sparkað í stefnanda, eftir að hann var kominn í gólfið.

Vitnið Margarethe Hertha Reihs kveðst hafa verið heima hjá Ólinu Kristjánsdóttur á Rauðarárstíg 3 ásamt stefndum, þegar stefnandi og þrír menn með honum komu í heimsókn. Settist stefnandi í sófann hjá stefnda Þórarni. Fóru þeir brátt að hnakkristast. Reyndi vitnið að fá þá til að hætta að rífast, en það tókst ekki. Héldu þeir áfram að rífast, þar til stefnandi stóð skyndilega upp, og sló hann Þórarin fyrirvaralaust í andlitið, en hann virtist dasast við höggið, því að hann hreyfði sig ekkert fyrst á eftir. Hljóp nú stefndi Ásgeir til og þreif í öxlina á stefnanda og

sló hann. Tók stefnandi á móti, og urðu nú allsnörp slagsmál með þeim um hrið, og hallaðist ekki á, fyrr en Ásgeiri tókst að koma stefnanda út í horn og gat þar tekið hann haustaki, þannig að hann hélt höfði hans í vinstri handarkrika og sló hann síðan með hægri hendi alloft í andlitið. Stefnandi féll síðan undan höggum Ásgeirs í gólfið, og kveður vitnið, að Ásgeir hafi síðan margsinnis sparkað í andlit hans og skrokk, og virtist hann engu skeyta því, hvar spörkin komu í hann. Vitnið kveður, að Ásgeir hafi verið alveg óður af reiði, en auk þess mjög drukkinn. Vitninu kveðst hafa ofboðið það, hvernig Ásgeir lék stefnanda, eftir að hann var fallinn. Vitnið kveðst ekki hafa orðið vart við, að stefndi Þórarinn tæki neinn þátt í slagsmálunum.

Vitnið Ólína Hólmfríður Kristjánsdóttir skýrir svo frá, að hún hafi verið að laga kaffi í eldhúsi sínu, er umrædd átök hófust. Heyrði vitnið, að stefnandi og stefndi Þórarinn voru farnir að rífast eitthvað, en heyrði ekki, um hvað þeir rifust. Vitnið kveðst þá hafa farið inn í stofuna og hafa séð þá, að stefndi Ásgeir hafði þrifið stefnanda og hrakið hann á undan sér inn í eitt hornið á stofunni, en þar hafi hafizt slagsmál milli þeirra. Vitnið kveðst hafa verið önnum kafið við að bjarga húsmunum úr hættu vegna átakanna og því eigi gefið þeim gaum sem skyldi. Vitnið kveðst hafa séð stefnda Ásgeir slá stefnanda svo í höfuðið, að hann féll í gólfið, en eftir að hann féll, hafi Ásgeir þrifið til hans, reist hann við og slegið hann niður aftur. Vitnið staðhæfir, að síðan hafi Ásgeir sparkað í höfuð stefnanda, þar sem hann lá meðvitundarlaus á gólfinu, en blóð lak úr andliti hans. Vitnið segir, að þeim Margarethe hafi blöskrað, er Ásgeir sparkaði í andlit stefnanda og hafi þær atyrst hann fyrir það, en þá hafi Ásgeir slegið Margarethe högg í maga.

Stefnandi styður dómkröfur sínar þeim rökum, að stefndi Þórarinn Stefán hafi átt upptökin að orðahnippingum þeim, er leiddu til ryskinga þeirra á milli. Hafi þá stefndi Ásgeir blandað sér í málið. Hann hafi orðið alveg trylltur og margbarið stefnanda í andlitið og eftir að hann var hniginn í gólfið hafi hann sparkað margsinnis í hann svo og stefndi Þórarinn. Stefnandi vísar til framburða vitna í málinu og telur það vera mestu mildi, að eigi var gert út af við hann í þessum átökum. Stefnandi telur upplýst, að eigi sé öðrum til að dreifa um áverka þá, er hann hlaut, en stefndu. Stefnandi heldur því fram, að hann hafi á ængan hátt komið þannig fram við stefndu, að það gæfi þeim

tilefni til að ráðast að sér og leika sig jafn hraklega og raun ber vitni. Hafi stefndu verið samtaka um að jafna um sig, þótt segja megji, að þáttur stefnda Ásgeirs sé öllu meiri. Það sé því ekkert áhorfsmál, að þeir félagar, stefndu Ásgeir og Þórarinn Stefán, beri fébótaábyrgð gagnvart sér á tjóni því, er af meiðslum sínum hafi hlotizt. Stefnandi bendir á hinn mikla aldursmun á sér og stefndu, sem voru um þritugt, er átökin skeðu, ungir menn á bezta aldri og auk þess séu þeir íþróttamenn, en stefnandi er fæddur 1917. Stefnandi bendir og á það, að í þinghaldi hinn 5. ágúst 1960 í sakadómi Reykjavíkur hafi stefndu greitt sér kr. 5.000.00 upp í „væntanlegar bætur“, eins og það sé orðað í sakadómsbókinni. Sé þessi greiðsla af hendi stefndu að því leyti athyglisverð, að hún feli vissulega í sér fulla viðurkenningu um fébótaábyrgð stefndu.

Stefndi Þórarinn Stefán styður sýknukröfu sína fyrst og fremst þeim rökum, að ósannað sé, að hann hafi veitt stefnanda lemstur þau, sem mál þetta sé af risið. Hann hefur eindregið neitað því að hafa veitt stefnanda ákomur þær, er hann varð fyrir aðfaranótt þriðjudagsins 21. apríl 1959, er stefnandi var staddur í húsinu nr. 3 við Rauðarárstíg í Reykjavík. Af framburði vitna í málinu verði eigi dregin rökrétt ályktun um það, að hann hafi veitt stefnanda lemstur þau, sem áður getur. Þar af leiðandi sé því algerlega andmælt sem ósönnuðu, að það verði metið honum til sakar, hvernig fór fyrir stefnanda í átökum þeim, er áttu sér stað fyrrgreint sinn.

Stefnandi hefur lagt á það áherzlu í málflutningi sínum, að þar sem stefndi Þórarinn hafi átt upptökin að orðahnippingum þeirra á milli, sem síðan hafi leitt til átaka, beri stefndi Þórarinn fébótaábyrgð gagnvart sér á því tjóni, sem hann varð fyrir í þeim átökum. Eigi verður á það fallizt með stefnanda að leggja fébótaábyrgð á hendur stefnda Þórarni, þótt hann hefði hafið orðahnippingar við stefnanda, er hann settist hjá honum.

Stefndi Þórarinn Stefán hefur eindregið neitað því að hafa slegið stefnanda nokkurt högg, sparkað í hann eða átt nokkurn þátt í því að veita stefnanda lemstur þau, er hann varð fyrir í átökunum á Rauðarárstígnum. Vitnið Gunnar Helgason hefur borið það, að Þórarinn hafi slegið stefnanda eitt högg í andlitnið, og vitnið Anton Guðjónsson hefur borið það, að stefndu báðir hafi trampað á stefnanda, eftir að hann var fallinn í gólfið.

Með eindreginni neitun stefnda Þórarins Stefáns, sem studd

er eiðfestum framburði vitnisins Margarethe Hertha Reihs svo og eiðfestum framburði vitnisins Ólínu Hólmfríðar Kristjánsdóttur, verður að telja ósannað, að stefndi Þórarinn Stefán hafi átt nokkurn þátt í að veita stefnanda ákomur þær, sem mál þetta er risið af. Ber því að sýkna stefnda Þórarin Stefán af öllum kröfum stefnanda í máli þessu. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Stefndi Ásgeir Eyjólfsson styður sýknukröfu sína fyrst og fremst þeim rökum, að hann hafi átt hendur sínar að verja í átökunum við stefnanda, þar sem stefnandi hafi veitt að sér með slagsmálum, er hann ætlaði að veita féлага sínum, meðstefnda Þórarni Stefáni, hjálp, en stefnandi hafði þá slegið hann högg á kjálkann. Stefndi Ásgeir hefur í sakadómi Reykjavíkur skýrt þannig frá atburðum, að er hann sá, að stefnandi hafði slegið féлага sinn Þórarin Stefán, þá hafi hann gengið á milli þeirra, lagt hönd á öxl stefnanda og beðið hann um að hætta þessum látum og vera ekkert að slást, en þá hafi stefnandi veitt að sér og sparkað í hægri fótlegg sinn, svo að hann fékk sár á legginn. Slógust þeir síðan smástund og greiddu hvor öðrum nokkur högg. Kom þá að félagi stefnanda Gunnar Helgason og vildi skipta sér af átökum þeirra. Kveður stefndi Ásgeir, að Gunnar hafi slegið til sín mikið högg, en hann hafi vikið sér undan högginu, sem síðan hafi hafnað á höfði stefnanda. Síðan hafi Þórarinn tekið Gunnar og haldið honum. Átti stefndi Ásgeir síðan í nokkrum átökum við stefnanda og hafi þeim lokið með því, að hann sleppti stefnanda í gólfið, og lá hann þar hreyfingarlaus. Stefndi Ásgeir neitar því, að hann hafi eftir það sparkað í stefnanda. Hins vegar kveðst hann hafa farið inn í stofu til að sækja flösku og kveðst þá hafa hrasað, um leið og hann fór fram hjá stefnanda, þar sem hann lá á gólfinu. Vera megi, að hann hafi þá rekið fótinn í stefnanda.

Stefndi Ásgeir hefur mótmælt sem röngum framburði vitna þess efnis, að hann hafi sparkað í stefnanda, er hann lá hreyfingarlaus á gólfinu. Telur hann slíkan áburð drukkinna vitna einskis nýtan.

Stefndi Ásgeir telur samkvæmt þessu vera augljóst mál, að hann hafi átt hendur sínar að verja og þau högg, sem hann greiðir stefnanda, séu sjálfsvarnarráðstafanir. Sé stefnandi þekktur slagsmálamaður og illvígur og ljóst sé af gögnum málsins, að hann hafi verið í vígahug þetta kvöld.

Í annan stað mótmælir stefndi því sem ósönnuðu, að ákomur þær, sem stefnandi kveðst hafa fengið, séu af sínum völdum.

Í þriðja lagi heldur stefndi því fram, að þótt talið verði, að högg sín hafi valdið ákomum þeim, sem um getur, þá sé algerlega ósannað, að venjulegum fullfrískum manni hefði orðið frekar meint af þeim en að fá glóðaraugu, skrámur á andlit, blóðnasir og e. t. v. brest í kjálka. Um stefnanda gegni alveg sérstöku máli, því að heilsu hans hafi verið þannig háttað, að hann mátti undir engum kringumstæðum hætta sér út í ryskingar, hvað þá heldur stofna til þeirra sjálfur, eins og hann hafi þó gert.

Þegar allt er virt, sem fram hefur komið í máli þessu, verður að telja sannað, að stefnandi hafi hlotið lemstur þau, er mál þetta er risið af, af völdum stefnda Ásgeirs. Eigi verður á það fallið með stefnda Ásgeiri, að hann hafi átt hendur sínar að verja í átökum sínum við stefnanda né á það, að stefnandi verði að bera hallann af því, að hann hafi átt upptökin að slagsmálunum þeirra á milli, þótt heilsu hans hafi verið þannig háttað, að honum hafi verið sérstök hætta búin af öllum ryskingum, þar sem stefnda hefur eigi tekizt að styðja þær málsástæður sínar neinum rökum né sönnunargögnum, en samkvæmt eiðfestum framburði þeirra tveggja vitna, sem áður getur, verður að telja sannað, að stefndi Ásgeir blandaði sér þannig í skipti þeirra stefnanda og meðstefnda Þórarins, að hann hljóp á milli þeirra og sló stefnanda formálalaust högg í andlitið, en síðan upphófust slagsmál með þeim, sem lauk á þann veg, að stefnandi hné meðvitundarlaus í gólfið undan höggum stefnda Ásgeirs, sem síðan margsparkaði í andlit hans og líkama, þar sem hann lá hreyfingarlaus á gólfinu.

Samkvæmt þessu ber því að leggja óskipta fébótaábyrgð á stefnda Ásgeir Eyjólffson vegna þess tjóns, er stefnandi varð fyrir sökum meiðsla þeirra, sem hann hlaut af hans völdum.

Bótakrafa stefnanda sundurliðast þannig:

1. Atvinnutjón frá 22/4 1959—1/5
1961, þ. e. 24 mán. á kr. 6.000.00
pr. mánuð kr. 144.000.00
Frá dragast sjúkradagpeningar .. — 6.338.00

 kr. 137.662.00

2. Ferðakostnaður	kr. 3.506.80	
	— 5.593.00	
	<hr/>	
	kr. 9.099.80	
Frá dregst ferðastyrkur frá Tryggingastofnun ríkisins	— 6.000.00	
	<hr/>	3.099.80
3. Lækniskostnaður til dr. Seex, £ 105.0.0 á kr. 59/41 pr. pund	—	6.238.05
4. Sjúkrahúsvist í Skotlandi í maí—júní 1959, £ 40.16.0 kr. 59/41 pr. pund	kr. 2.423.93	
Frá dragast sjúkrapeningar frá Sjúkrasamlagi Reykjavíkur	— 2.423.93	
5. Læknishjálpi í Skotlandi, £ 60.0.0 á kr. 106/70	—	6.402.00
6. Sjúkrahúsvist í Skotlandi, £ 36.8.0 á kr. 106/70	kr. 3.883.92	
Frá dragast dagpeningar frá Sjúkrasamlagi Reykjavíkur	— 3.309.00	
	<hr/>	574.92
7. Greiðsla til Hilmars Foss	kr. 1.168.12	
8. Bætur fyrir þjáningar og lýti	— 100.000.00	
	<hr/>	
	Samtals kr. 255.144.89	
Frá dragast áður greiddar	— 5.000.00	
	<hr/>	
	Samtals kr. 250.144.89	

Um lið 1:

Stefnandi byggir kröfur sínar samkvæmt þessum lið á því, að hann hafi verið algerlega óvinnufær í tvö ár, þ. e. frá 22/4 1959 til 1/5 1961, vegna meiðsla þeirra, er hann hlaut í átökum við stefndu aðfaranótt þriðjudagsins 21. apríl 1959.

Lagt hefur verið fram í málinu vottorð Eyþórs Gunnarssonar læknis, þar sem rakin er sjúkrasaga stefnanda frá því nokkrum árum fyrir þá atburði, er mál þetta er risið af, og fram til 21. nóvember 1961, en vottorðið er dagsett þann dag. Í niðurlagi vottorðsins segir svo:

„Allan tímann frá 22/4 1959, er Erlendur slasaðist, þar til

1/5 1961, er hann fór að vinna aftur, var hann óvinnufær. Þoldi hann oft á þessu tímabili miklar og óbærilegar kvalir, einkum í höfði, en einnig háðu honum lengi meiðslin í hnénu. Dag og dag reyndi hann að vinna, en var ekki fær til þess. Hann hefur ekki enn náð fullri heilsu, en er þó vinnufær. Oft eru verkir í enni og stirðleiki og þrautir í hnénu.“

Vottorð þetta hefur Eypór Gunnarsson læknir staðfest fyrir rétti, og þá aðspurður segir læknirinn, að veikindi stefnanda frá í apríl 1959 og til 1. maí 1961 megi að mestu leyti rekja til áverka, er hann hlaut í apríl 1959. Enn fremur ber vitni þetta, að stefnandi hafi eigi verið orðinn albata í apríl 1959, er hann varð fyrir áverkum þeim, er mál þetta er risið af. Vitnið segir, að við áverkana í apríl 1959 hafi eyðilagzt lækni-aðgerðir, sem gerðar höfðu verið á stefnanda fyrir þann tíma.

Upplýst er, að í nokkur undanfarin ár, áður en atburðirnir á Rauðarárstígnum skeðu, hafði stefnandi átt við að stríða alvarleg veikindi í höfði, aðallega í nefi og ennisholum. Hafði hann í lækningaskyni undirgengizt nokkrar aðgerðir á höfði, bæði hérlandis og erlendis, og var svo til nýkominn frá Skotlandi, þar sem ný aðgerð hafði verið gerð á honum af dr. Ian M. Seex á sjúkrahúsi í Inverness, er hann lenti í átökunum við stefndu.

Í maí 1959 fór stefnandi til Skotlands og gekkst þar undir allmikla aðgerð, sem framkvæmd var af dr. Ian M. Seex. Í fyrstu eftir heimkomuna virtist svo sem um bata væri að ræða, en fljótlega sótti í sama horfið aftur. Í júlí s. á. var dr. Seex á ferð hér á landi, og fór stefnandi til hans í skoðun. Stefnandi fór svo enn til Skotlands í nóvember 1960 til dr. Seex, sem gerði enn eina aðgerð á nefi hans og ennisholum. Eftir heimkomuna var ekki um bata að ræða. Stefnandi gekk síðan vikum saman til meðferðar hjá Eypóri Gunnarssyni lækni, og eftir endurteknar lækni-aðgerðir af hans hendi fór svo að lokum, að sæmilegur bati fékkst, og fór stefnandi síðan að vinna aftur hinn 1/5 1961.

Fjánhæð þessa kröfuliðs miðar stefnandi við fjánhæð þá, er tryggingafélög hafi greitt leigubílstjórum vegna atvinnutjóns, er bifreiðar þeirra væru ónothæfar til aksturs vegna atvika, sem tryggingafélög báru ábyrgð á.

Í aðiljaskýrslu stefnanda, dags. 30. apríl 1962, sem staðfest er fyrir dómi, segir svo um þetta atriði:

„Mörg undanfarin ár hef ég verið heilsulítill og því hvergi nærri getað unnið fulla vinnu, enda tekjur mínar verið eftir

því, sjá skattframtöl mín frá árunum 1957—1959. Þó var þannig komið með heilsu mína eftir læknilsaðgerð í Skotlandi í janúar 1959, að ég var farinn að geta unnið fulla vinnu, er stefndu veittu mér áverkana í apríl 1959.

Þegar sýnt var, að áverkar þeir, sem stefndu veittu mér, voru þess eðlis, að ég mundi ekki ná fullum bata í bráð, þrátt fyrir meðferð hjá færustu sérfræðingum, brá ég á það ráð að fá menn til að aka bifreið minni, R 1603. Menn þessir voru duglegir við aksturinn og öfluðu mér talsverðra tekna, svo sem fram kemur á skattframtölum mínum fyrir árin 1960—1962. Hins vegar byggði ég skaðabótakröfu mína um vinnutap í máli þessu á því, að ég hefði aflað umfram það, sem þessir menn óku inn fyrir mig, kr. 6.000.00 á mánuði.

Ef við tókum árið 1960 t. d., hefði ég auðveldlega samkvæmt þessu átt að hafa í tekjur kr. $6.000.00 \times 12 = 72.000.00$ + kr. 39.985.00 eða samtals kr. 111.985.00. Þetta eru nettó-tekjur. Vil ég meina, að þetta séu ekki neinar ofsatekjur fyrir fullfríska menn innan leigubílstjórastéttarinnar.“

Af hálfu stefnda Ásgeirs er því haldið fram, að þótt talið yrði, að stefnandi hefði hlotið högg í ryskingum við hann, sem aflagað hefðu andlit stefnanda, er því algerlega andmælt sem ósönnuðu, að umræddar ryskingar hafi átt þá orsök í veikindum stefnanda, sem hann vill vera láta. Hafi stefnandi árum saman verið sjúklingur og hafi hann átt að fara til framhaldsaðgerðar til Skotlands vegna þeirra veikinda, sem hann hafi átt við að stríða mörg undanfarin ár. Þá er því mótmælt sem ósönnuðu, að stefnandi hafi verið frá vinnu eins lengi og hann vill vera láta og það dregið í efa, að stefnandi hafi ekki fengið meira en kr. 6.838.00 greiddar í sjúkradagpeninga. Annars er fjárhæð kröfufliðs þessa mótmælt sem allt of hárrí og krafízt stórfelldrar lækkunar.

Stefnandi hefur lagt fram skattframtöl sín fyrir árin 1957—1962 að báðum meðtöldum. Samkvæmt framtölum eru hreinar tekjur hans þessi ár af leigubílsakstri eins og hér segir:

Árið 1956	kr. 52.690.34
Árið 1957	— 62.491.62
Árið 1958	— 73.436.52
Árið 1959	— 75.157.00
Árið 1960	— 39.985.00
Árið 1961	— 28.373.00

Að þessu athuguðu og þegar allt er virt, sem fram hefur komið

og upplýst er varðandi þetta atriði, verður að telja sannað, að stefnandi hafi verið algerlega óvinnufær frá 22/7 1959—1/5 1961 og að meginorsök þess og sú, sem úrslitum ræður, hafi verið lemstur þau, er stefnandi hlaut af völdum stefnda Ásgeirs hinn 21. apríl 1959, þótt hins vegar beri að taka tillit til þess við ákvörðun bóta samkvæmt þessum lið, að aflahæfi stefnanda var töluvert skert vegna langvarandi veikinda hans undanfarin ár, er hann varð fyrir margnefndum áföllum af hendi stefnda Ásgeirs.

Þegar þetta er virt og tillit tekið til þess, að stefnandi hafði allverulegar tekjur, meðan hann var óvinnufær sjálfur, af því að leigja öðrum leigubílstjórum bifreið sína til leiguaksturs og höfð er hliðsjón af tekjum hans árin 1956—1958, þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 70.000.00.

Um liði 2, 3, 5, 6 og 7:

Kröfur stefnanda samkvæmt öllum þessum kröfuliðum eiga rætur sínar að rekja til tveggja ferða stefnanda til Skotlands sér til lækninga á meiðslum þeim, sem hann hlaut af völdum stefnda Ásgeirs. Samanlögð fjárhæð þessara liða er kr. 17.482.89. Er það sú fjárhæð, sem stefnandi kveðst hafa orðið að greiða úr eigin vasa, en hluti þessa kostnaðar var greiddur af Sjúkrasamlagi Reykjavíkur og Tryggingastofnun ríkisins.

Af hálfu stefnda Ásgeirs hefur kröfum stefnanda samkvæmt ofangreindum kröfuliðum verið mótmælt sem honum algerlega óviðkomandi, þar sem ósannað sé, að margnefnd átök þeirra stefnanda hafi orsakað það, að stefnandi varð að leita sér lækninga erlendis og eins sé upplýst, að stefnandi hafi átt að fara aftur til Skotlands til framhaldsaðgerðar eftir aðgerðina þar í janúar 1959.

Í bréfi dr. Ian M. Seex til Eypórs Gunnarssonar læknis, dags. 2. febrúar 1959, varðandi aðgerðina á stefnanda í janúar 1959 víkur dr. Seex sérstaklega að þessu atriði í niðurlagi bréfsins. Segist hann vona, að aðgerðin beri árangur, en verið geti, að stefnandi verði að koma aftur til aðgerðar, ef viss skilyrði koma fram. Eigi hafði á það reynt, er stefnandi varð fyrir höggum stefnda Ásgeirs á Rauðarárstígnum.

Samkvæmt framansögðu verður að telja sannað, að ferðir stefnanda til Skotlands sér til lækninga í maí 1959 og í nóvember 1960 og kostnaður hans við þessar ferðir séu í beinu orsakasambandi við meiðsl þau, sem hann hlaut af völdum stefnda Ásgeirs.

Þar sem stefnandi hefur gert fullkomna grein fyrir fjárhæð

hvers einstaks kröfuliðs og stutt viðeigandi gögnum, verða kröfur hans eftir þessum liðum teknar til greina að öllu leyti.

Um lið 8:

Kröfur stefnanda samkvæmt þessum lið eru vegna þjáninga og lýta, og hefur þeim af hálfu stefnda Ásgeirs verið mótmælt sem allt of háum. Hér að framan hefur meiðslum stefnanda verið lýst og sjúkrasaga hans rakin eftir þeim gögnum, er fyrir liggja. Þegar það er virt, sem þar greinir, þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 40.000.00.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndi Ásgeir Eyjólfsson verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 127.482.89 auk vaxta, eins og krafizt hefur verið, en stefndi Þórarinn Stefán Gunnarsson verður sýknaður af öllum kröfum stefnanda.

Eftir þessum málalyktum falli málskostnaður niður að því er varðar stefnda Þórarin Stefán, en stefnda Ásgeiri ber að greiða stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 19.600.00.

Ólafur St. Sigurðsson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Þórarinn Stefán Gunnarsson, skal sýkn af öllum kröfum stefnanda, Erlends J. Erlendssonar, í máli þessu, og falli málskostnaður niður.

Stefndi, Ásgeir Eyjólfsson, greiði stefnanda, Erlendi J. Erlendssyni, kr. 127.482.89 með 7% ársvöxtum frá 1. maí 1961 til greiðsludags og kr. 19.600.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
